

REGLUGERÐ

25

28. jan.

um skyldu til að halda eftir af kaupum upp í skattgreiðslur.

1. gr.

Hafi skattgreiðandi, er tekur laun eða þóknun hjá öðrum, eigi greitt tekju- og eignarskatt sinn til ríkissjóðs að fullu, og sá tími er kominn, er krefjast má lögtaks til tryggingar greiðslunni, getur innheimtumaður skattsins skriflega gert þá kröfu til kaupgreiðanda, að hann haldi eftir af kaupum eða þóknun skattgreiðanda nægilegri fjárhæð til að greiða hinn vangoldna skatt, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

2. gr.

Til lúkningar greiðslum þeim, sem um ræðir í 1. gr., skal þó ekki haldið eftir meira en $\frac{1}{5}$ af því kaupum eða þóknun, sem til útborgunar á að koma í hvert sinn, ef í hlut á skattgreiðandi, sem á fyrir heimili að sjá, en ella $\frac{1}{3}$.

3. gr.

Kaupgreiðandi, sem fyrir hefur verið lagt á þann hátt, sem um ræðir í 1. gr., að halda eftir af kaupum eða þóknun, skal við næstu útborgun — þar með taldar hvers konar uppigreiðslur — kaups eða þóknunar og framvegis við útborganir, þar til hin umkröfðu gjöld eru að fullu greidd, draga af kaupum eða þóknun skattgreiðanda þann hluta þess, er heimilt er að halda eftir samkvæmt 2. gr., og skal hverri þeirri fjárhæð, sem þannig er haldið eftir, skilað innheimtumanni innan tveggja virkra daga frá hverjum útborgunardegi talið, og er sú greiðsla bindandi fyrir skattgreiðanda.

4. gr.

Skattgreiðandi eða kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið, að skattur skuli greiddur af kaupum skattgreiðanda.

Ef kaupgreiðandi greiðir skattgreiðanda kaup eða þóknun án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem áskilin er í reglugerð þessari, að haldið skuli eftir, eða hann greiðir eigi innheimtumanni, svo sem segir í 3. gr., fé, er hann hélt eftir, samkvæmt kröfu innheimtumanns, þá ábyrgist hann innheimtukröfuna sem eigin skuld að því leyti, sem hún var, eða hefði getað verið innheimt.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga nr. 6 9. júní 1935, um tekju- og eignarskatt, óðlast þegar gildi, og birtist hér með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1941.

Jakob Möller.

Magnús Gíslason.